

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
45. fundur, haldinn á bæjarskrifstofum Lyngási, 4. nóvember 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Blöndal, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

1. **Dagskrá fundarins kynnt og undirrituð fundargerð síðasta fundar**
2. **Skýrsla formanns**
3. **Fundir stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs 12.10 og 1.11 2011**
4. **Kynningar-, ímyndar- og fræðslumál**
5. **Næsti fundur**
6. **Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.10. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar

Björn Ármann fór yfir dagskrá fundarins. Svæðisráðsmenn undirrituðu fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt gegnum tölvupóst.

2. Skýrsla formanns

Formaður fór yfir það sem gerst hefði frá síðasta fundi. Hann hefur sent þau erindi sem svæðisráð samþykkti á þeim fundi til viðeigandi ráðuneyta og stofnana og fengið þau svör að erindin verði tekin til skoðunar.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs hefur óskað eftir að formaður svæðisráðs komi á fund hjá þeim og verður það í næstu viku.

Formaður hafði sent út fyrir fundinn SVÓT-greiningu á núverandi stjórnunar-fyrirkomulagi Vatnajökulspjóðgarðs og mögulegu framtíðarfyrirkomulagi sem unnin var á vinnufundi stjórnar og starfsmanna þjóðgarðsins vegna erindis sem kom frá umhverfisráðuneyti til stjórnar. Vinnuhópur hefur unnið á vegum umhverfisráðuneytisins síðustu mánuði að því að skoða endurskipulagningu á stjórnsýslu þjóðgarða og grundvöll fyrir sérstakri þjóðgarðastofnun.

Svæðisráð lýsir yfir óánægju með að heyra lítið af þessari vinnu og hversu lítið samráð virðist vera haft heim í hérað sérstaklega þar sem útlit er fyrir að ráðuneytið vilji ekki fara í endurskoðun á lögum um Vatnajökulspjóðgarð samhliða þessari vinnu. Svæðisráð ítrekar bókun sína frá fundi 3. október um þetta mál.

3. Fundir stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs 12.10 og 1.11 2011

Fyrir fundinum lágu til kynningar fundargerðir tveggja síðustu stjórnarfunda, sú seinni í drögum. Rætt var um framlögð fjárlög sem gera ráð fyrir niðurskurði á rekstrarfé. Stjórn þjóðgarðsins gerir ráð fyrir að þrýsta á um að framlög verði ekki skert.

Formaður sagði frá því að hann hefði lagt til að fundargerðir svæðisráða yrðu teknar formlega fyrir í stjórn hér eftir og sömuleiðis þyrftu fundargerðir stjórnar að koma til kynningar í svæðisráðunum.

4. Kynningar-, ímyndar- og fræðslumál

Ragna Fanney greindi frá því að þær Agnes stefndu á að fara í skóla á Austurlandi og kynna þjóðgarðinn í vetur og hafa þær sent bréf til skólastjórnenda með ósk um samvinnu. Einnig ætla þær að hitta sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga en

Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs. Þá er á döfnni að heimsækja bændur og heimamenn í Fljótsdal og á Jökuldal, m.a. til að fara yfir örnefni og fleira á kortum þjóðgarðsins. Jafnframt eru þær að vinna í skiltamálum. Opið verður í Snæfellsstofu um helgar á Dögum myrkurs og sýning arkitektsins Hédi Kairouannais sett upp. Fyrir liggur að endurskoða fræðsluáætlun en þó nokkrir skólar heimsóttu Snæfellsstofu í ár og einn skólahópur fór inn í Snæfellsskála. Fræðsludagskrá var á Austursvæði með fræðandi göngum í sumar líkt og á öðrum svæðum. Þátttaka var mismikil eftir stöðum og tímasetningum.

Ragna Fanney lýsti þeirri skoðun sinni að allir þyrftu að leggjast á eitt að tala jákvætt um þjóðgarðinn til að byggja upp betri ímynd. Einar Kr. sagðist binda vonir við að út úr vinnu samgöngunefndar kæmi sátt um ferðaleiðir sem myndu minnka þær deilur sem staðið hafa.

Skarphéðinn minnti á hugmyndir sem eitt sinn voru um að halda námskeið á hverju vori til að fræða landverði og aðra starfsmenn þjóðgarðsins um staðhætti og annað. Allir sammála um að mikilvægt sé að koma slíku á og svæðisráðsmenn lýstu yfir miklu áhuga á að sitja slík námskeið og taka þátt í vettvangsnámi.

Rætt var um möguleika þess að halda opið málþing eða fyrirlestraröð. Talið gott að festa slíkan viðburð í mars og þar yrðu m.a. kynnt verkefni sem unnin hafa verið á svæðinu. Ef til vill hægt að halda slíkt í tengslum við ársfund svæðisráðs.

5. Næsti fundur

Tímasetning næsta fundar mun ráðast af því hvort tekst að koma saman samráðsfundi með veiðimönnum á næstu vikum. Ellegar verði næsti fundur í janúar.

6. Önnur mál

a) Fundir um veiðimál

Jóhann minnti á þann vilja sem kom fram á fundi svæðisráðs með skotveiðimönnum í sumar til að halda frekari samráðsfundi svæðisráðs og veiðimanna. Á fundi svæðisráðs 23. júní var einnig bókað að stefna skyldi að fundi svæðisráðs með starfsmönnum frá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar, Náttúrustofu Austurlands og fulltrúum félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Formanni falið að kanna hvort koma megi á svona fundi fyrir á næstu vikum.

b) Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs - Kröflulína 3

Björn Ármann gerði grein fyrir því að samkvæmt verndar- og stjórnaráætlun þyrfti formlegt erindi að koma frá sveitarfélaginu til stjórnar Vatnajökulþjóðgarðs áður en þessi tillaga að breytingu yrði auglýst. Svæðisráð Austursvæðis gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirhugað línustæði, þar sem um er að ræða samsíða línu með Kröflulínu 2, enda verði rask lágmarkað við línulögnina sem kostur er.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.05.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Sigrún Blöndal

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson